

Dags. 16. febrúar. 2021.

Fyrirspurn til skipulagsfulltrúa

Fyrirspurnin snýr að hækkun á þaki á Grundartanga 32 -36
Landeignanúmer: 124601, 124602, 124603

Grundartangi 32 - 36 er raðhús. Byggt árið 1979.

Róbert Pétursson arkitekt teiknaði þetta raðhús og einnig öll raðhúsin sem eru á þessum reit, en þau eru öll í grunninn eins. Grundartangi afmarkast af þessum raðhúsum á þessum reit og svo í kringum hann eru einbýlishús.

Áherslur

Áhersla er á að halda í núverandi þakform eins og mögulegt er, en einnig er horft til þess hvernig er hægt að auka gæðin og fá fleiri m². Án þess þó að taka af grænum svæðum.

Horft er til þess að breytingar á Grundartanga 32-36 geti verið fordæmi fyrir önnur raðhús, og falli vel að núverandi byggð. Haft er að leiðarljósi að heildarútlit sé á raðhúsunum, þannig að núverandi raðhús og einnig raðhús með breytingum eða meiri þakhalla tali við núverandi form. Einnig er horft til þakhalla og forma á einbýlishúsum sem sitja hinumegin við götuna.

Tillaga

Óskað er eftir því að fá að hækka hæðsta punkt þaks um 140 cm, með því að auka þakhall og setja einn stóran kvist. Gert er ráð fyrir vinna með svalir innan ramma kvistsins. Horft er til þess að halda í núverandi efniskend, þakformið verði áfram klætt bárujárn eins og er í dag.

Með þessari hækkun aukast m² íbúða nr 32 og nr 36 um brúttó 40 m², nr 34 stækkar um brúttó 55 m². Nýtingarhlutfall íbúða nr 32 og 34 fer úr 0,19 í 0,31 og nr 34, úr 0,26 í 0,44.

Fylgigögn:

00_Tillaga

01_Aðalteikningar Grundartangi 32-36

02_Mæliblað

03_Hæðarblað


04_Ljósmynd

05_Ljósmynd

06_Ljósmynd

07_Samþykki og undirskrift íbúa Grundartanga 32-36

Virðingarfyllst.



Hildur Ýr Ottósdóttir arkitekt EPF-FAÍ

Ydda arkitektar ehf. Skólavörðustíg 12, 101 Reykjavík.